

136. skólanefndarfundur 20.nóvember 2014 haldinn í Grunnskóla Stykkishólms

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (HH), Ásmundur Guðmundsson fulltrúi (ÁH), Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi (KH), Jón Einar Jónsson (JEJ)

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn: Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans (SP), Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskólans (GS) Berglind Axelsdóttir, aðstoðarskólastjóri grunnskólans (BA), Ægir Jóhannsson áheyrnafulltrúi foreldra grunnskólans (ÆG)

Fundarritari; Kristbjörg Hermannsdóttir.

Formaður setti fund kl. 18:00

Dagskrá:

1. Erindi frá Leikskólastjóra Sigrúnu Þórsteinsdóttir lagt fyrir.

- a. Beiðni úthlutunar fjórða starfsdags.

Samþykkt samhljóða.

- b. Annað erindi frá Leikskólastjóra. Lokun leikskóla föstudaginn 2. Janúar 2015. Skólastjóri leikskóla fer fram á að hafa leikskólann lokaðan þennan föstudag og starfsfólk tæki daginn út sem sumarleyfisdag.

Samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla skólastjóra grunnskólans

- a. Skólastarfið hingað til

GS tekur til máls.

156 nem. Gengur vel. Efsta stig góðir hópar og fá mál koma upp. Miðstig nokkur verkefni í gangi. Yngsta stig, fjölmennur 1.bekkur. Nokkur mál í vinnslu á því stigi.

Nýr nemandi kemur eftir áramót í 5.bekk.

Góð stemming hjá starfsfólki.

Kosið verður um nýtt vinnumat hjá kennurum eftir áramót.

Félagsstarf nemanda gengur vel GS lýsir ánægju sinni með nýjan tólmstundafulltrúa Agnesi Sigurðardóttur.

- b. Undirbúningur fjárhagsáætlunar

Markviss vinna hjá yfirvöldum bæjarins að rýna í stofnanir bæjarins. Vinna varðandi skólann er langt komin.

Nokkrir kennarar hafa nýtt sér að selja kennsluafsláttinn sem þýðir aukna kennsluskyldu inn í skólann.

Verið er að skoða betri lokun á aðalinngangi.

þarf að bæta tölvukost skólans.

Lóðaframkvæmdir voru settar í bið.

Skólinn hefur fengið 19 spjaldtölvur að gjöf. Mikil ánægja með þessi tæki.

Áætlun um vinnu með spjaldtölvur liggur á heimasíðu skólans.

c. Samræmdu prófin

BA tekur til máls

Kynnir áætlun á kynningu skólastefnunnar Uppeldi til ábyrgðar.

Kynnir jafnréttisáætlun.

Vinna komin í gang með móttökuáætlun.

Foreldrakönnun verður lögð fyrir í febrúar. Starfsmannakönnun verður lögð fyrir í mars.

Nemendakönnun í október 2015.

Sýndar eru niðurstöður samræmdra prófa síðustu ára. Fulltrúum sýnd prófin.

3. Önnur mál

a. Bókun

i. KH lýsir yfir ánægju með virkni heimasíðunnar. Mikið af skemmtilegum fréttum og myndefni.

HH leggur til að heimasíða skólans verði einnig á ensku og eða fleiri tungumálum.

ii. KH lýsir yfir ánægju sinni með nýráðinn aðstoðarskólastjóra. Hingað til hefur verið mjög gott að leita til hennar, hún fljót að svara fyrirspurnum og fylgir málum eftir.

b. Fyrirspurnir frá KH

23.október 2014 var birtur pistill frá áhugafólki um velferð ungs fólks á Snæfellsnesi. KH lýsir yfir ánægju sinni með þetta samstarf fólks á Nesinu, sem hún vonar að eigi eftir að koma okkur öllum til góða. Í framhaldi af þessum pistli leggur KH fyrir eftirfarandi fyrirspurnir:

Hvaða ferli fer í gang þegar barn verður fyrir áreiti að hálfu starfsfólks Grunnskólans í Stykkishólmi? Er markvisst unnið að uppfræðslu nemenda, starfsfólks og foreldra um þessi málefni? Hefur Grunnskólinn í Stykkishólmi einhverntíma verið í samstarfi með félagasamtökunum Blátt áfram eða eru áform um það í náinni framtíð? BA segir frá því að áfallaáætlun sé til endurskoðunar. GS leggur fram plagg um eineltisáætlun.

c. Hvernig gengur að virkja kennara á Mentor?

Mentor er kominn með viðbætur samhliða nýrri námsskrá. BA mun sitja kynningarfund. Moodle komið nokkuð sterkt inn í eldri bekkjum í mörgum greinum. HH stingur upp á samstarfi á Snæfellsnesi með rekstur Moodle.

d. Samræmd próf.

Hvernig gekk í samræmdum prófum og hvernig verður unnið með niðurstöðurnar?

Bárust skólanum margar fyrirspurnir varðandi breyttar aðferðir við fyrirjöf? Ef já, er hægt að setja fram greinagóðar útskýringar eða senda á foreldra?

BA fær fyrirspurnir borist

BA og GS ætla að skoða þetta frekar þ.e. dreifingu einkunna miðað við landsdreifingu.

e. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár.

Hvernig gengur innleiðing nýrrar aðalnámskrár? Eru allir kennarar að kenna eftir nýrri námskrá? Lang flestar kennsluáætlanir sem KH skoðaði eru til fyrirmyndar en spurning hvort samræma megi uppsetningu þeirra án mikillar fyrirhafnar?

BA Leggur nýtt samræmt form kennsluáætlana sem tekur gildi í þessari viku.

GS Innleiðing námsskrár er í ferli.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, (sign),

Ásmundur Guðmundsson, (sign),

Kristbjörg Hermannsdóttir (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Jón Einar Jónsson (sign)

Gunnar Svanlaugsson (sign)

Berglind Axelsdóttir (sign)

Ægir Jóhannsson (sign)